

STJÓRNARTÍÐINDI B 11 – 1995

3. febrúar 1995

171

Nr. 73

REGLUGERÐ

um notkun seiðaskilja og bann við rækjuveiðum fyrir Norðurlandi.

1. gr.

Óheimilt er að stunda veiðar á eftirgreindum svæðum án seiðaskilju:

1. Á svæði út af vestanverðu Norðurlandi, sem markast af línunum, sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. 66°30'N - 22°00'V	9. 67°36'N - 19°38'V
2. 67°21'N - 22°00'V	10. 67°29'N - 19°33'V
3. 67°20'N - 21°41'V	11. 66°55'N - 19°33'V
4. 67°29'N - 20°48'V	12. 66°55'N - 19°17'V
5. 67°20'N - 20°07'V	13. 66°46'N - 18°58'V
6. 67°20'N - 19°55'V	14. 66°40'N - 19°00'V
7. 67°25'N - 19°48'V	15. 66°40'N - 18°30'V
8. 67°34'N - 19°44'V	16. 66°30'N - 18°30'V

Á hluta ofangreinds svæðis eru allar rækjuveiðar bannaðar sbr. 1. tl. 2. gr.

2. Á svæði norður af Kolbeinsey, sem markast af línunum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. 67°34'N - 18°27'V
2. 67°27'N - 18°27'V
3. 67°27'N - 18°43'V
4. 67°34'N - 18°43'V

3. Á svæði á Rifsbanka, sem markast af línunum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. 67°10'N - 15°55'V
2. 67°16'N - 15°55'V
3. 67°16'N - 15°20'V
4. 67°10'N - 15°20'V

Bil á milli rimla í seiðaskiljunni skal vera mest 22 mm. Skiljunni skal koma fyrir í belg vörpunnar með u.þ.b. 45-50 gráðu halla þannig að neðri kantur skiljunnar nái lengra fram. Skiljan skal fylla út í belginn og skulu allir jaðrar hennar festir við netið í belgnum. Á efra byrði vörpunnar fyrir framan skiljuna skal vera gat þar sem fiskur, sem ekki fer í gegnum skiljuna, skilst út.

Gutenberg

2. gr.

Á eftirgreindum svæðum eru allar rækjuveiðar bannaðar:

1. Á svæði í Skagafjarðardýpi, sem markast af línnum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:
 1. 66°49'N - 19°20'V
 2. 66°49'N - 19°12'V
 3. 66°36'N - 19°12'V
 4. 66°36'N - 19°20'V

2. Á svæði suðaustur af Kolbeinsey, sem markast af línnum, sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:
 1. 67°03'N - 18°34'V
 2. 67°03'N - 18°20'V
 3. 66°53'N - 18°20'V
 4. 66°53'N - 18°34'V

3. Á svæði á Skjálfandadjúpi, sem markast af línnum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:
 1. 66°27'N - 17°18'V
 2. 66°27'N - 17°30'V
 3. 66°35'N - 17°30'V
 4. 66°35'N - 17°18'V

3. gr.

Brot á reglugerð þessari varðar viðurlögum skv. ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi, sbr. þó ákvæði til bráðabirgða, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt eru felldar úr gildi eftirfarandi reglugerðir: Reglugerð nr. 337, 16. júní 1994, um bann við rækjuveiðum fyrir Norðurlandi ásamt síðari breytingum, sbr. reglugerð nr. 492, 15. september 1994. Reglugerð nr. 455, 15. ágúst 1994, um bann við rækjuveiðum á Rífsbanka. Reglugerð nr. 530, 29. september 1994, um bann við rækjuveiðum á Skjálfandadjúpi.

Ákvæði til bráðabirgða

Ákvæði 1. og 2. tl. 1. gr. taka gildi 1. mars 1995 fyrir skuttogara, sem eru 40 metrar eða lengri að mestu lengd. Skuttogarar teljast hér togskip, sem taka vörpuna inn um skutrennu að aftan og losa afla úr henni á millidekk eða vinnsludekk. Ákvæði 1. og 2. tl. 1. gr. taka gildi 1. maí 1995 fyrir önnur skip.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. eru allar rækjuveiðar án seiðaskilju, frá gildistöku reglugerðar þessarar, bannaðar á hluta svæðisins, sem skilgreint er 1. tl. 1. gr., á svæði, sem markast af línnum, sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. 67°20'N - 19°37'V
2. 67°02'N - 19°37'V
3. 67°02'N - 19°50'V

4. 67°05'N - 19°50'V
5. 67°05'N - 21°10'V
6. 67°10'N - 21°10'V
7. 67°20'N - 21°27'V

Sjávarútvegsráðuneytið, 3. febrúar 1995.

Þorsteinn Pálsson.

Jón B. Jónasson